



Reykjavík, 14. september 2023

Hraunbær 2-34 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. september 2023 var lögð fram fyrirspurn Helga Sigurðssonar, dags. 14. ágúst 2023, um breytingu á deiliskipulagi 7.2.4 Árbæjar vegna lóðarinnar nr. 26 við Hraunbæ sem felst í að breikka gangstétt frá aðalinngangi út að götu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulag



Stígur við Hraunbæ 26 (skjáskot af ja.is)

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Hlaðbær 10 í skilgreindri íbúðarbyggð.

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Árbæ sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. nóvember 2019. Hraunbær 2-34 er innan skilmálaeiningar 7.2.4 í hverfisskipulagi.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til mögulegrar breikkunar á gangstétt frá aðalinngangi hússins nr. 26 út að götu (Hraunbæ). Í innsendri fyrirspurn kemur fram að fyrirhuguð breikkun sé svo stéttin geti flokkast sem innkeyrsla fyrir greiðan aðgang vöruflutningabíla og sjúkrabíla að inngangi hússins nr. 26.

Í gildandi hverfisskipulagi, í skilmálalið um bílastæði og innkeyrslur, kemur fram að ekki sé heimilt að breyta innkeyrslum á lóðir eða fjölga þeim. Því er ekki hægt að fallast á að umrædd stétt geti flokkast sem innkeyrsla eða aðkoma bifreiða að húsinu eða verði merkt sem slík, hvorki á aðaluppdráttum, með skiltum við stíginn eða á annan hátt. Bent er á að neyðaraðilar í forgangsakstri hafa heimildir til aksturs þar sem þurfa þykir og því ekki nauðsynlegt að merkja aðkeyrslur fyrir þá.

Hinsvegar er ekkert í gildandi skipulagi sem hindrar eðlilegt viðhald eða endurnýjun á gangstéttum á lóðinni.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn um innkeyrslu um umrædda gangstétt frá Hraunbæ eða að hún sé merkt sem slík, hvort sem er fyrir neyðarakstur, vöruflutninga eða annan akstur.
- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að eðlilegu viðhaldi sé sinnt á gangstétt eða hún endurnýjuð.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur hjá hverfisskipulagi